



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

3. töl. 2005, - 15. árg.

Apríl 2005

Aðalfundur FÍL

Aðalfundur Félags Íslendinga í Luxembourg verður haldinn 26. apríl, klukkan 20.30 í Loretto Capelle, 8 rue des Romains í Senningerberg. Nánar tiltekið á móti Restaurant-Pizzeria Chez Dario. Við hvetjum sem flesta til að mæta.

Stjórnin



Í þessu blaði:

Aðalfundur FÍL	1
Guðsþjónusta 29. maí	1
Næstu guðsþjónustur	1
Íslenskuskólinn	1
Tilboð frá Avis	2
Tilboð frá Budget	2
Spunakaffi	2
Frá ritstýrum	2
Heimilishornið	3
Bréf frá félagsmanni	3
Bílahornið	4
Litlu dálkarnir	4

Guðsþjónusta 29. maí 2005 og ferming

Guðsþjónusta verður í kirkju hinnar heilögu þrenningar (Mótmælendakirkjuni), 5 rue de la Congrégation, Luxembourg, 29. maí kl. 14.00.

Sr. Sigurður Arnarson, sendiráðsprestur í Lundúnum predikar og fermir eitt barn.

Sunnudagaskóli verður fyrir börnin. Upplýsingar um kaffi og kaffistað verða birtar síðar.

Kirkjunefndin

Næstu guðsþjónustur

Næstu guðsþjónustur í Luxembourg verða eftirtalda daga:

Sunnudaginn, 29. maí, sbr. að ofan.
Sunnudag í október, dagsetning auglýst síðar.
Sunnudaginn, 18. desember

Kirkjunefndin

Íslenskuskólinn

Síðasti kennsludagur í Íslenskuskólanum. Þriðjudagur, 26. apríl frá klukkan 13.30 til 15.30.

Kennarar:
Elísabet Sigurðardóttir
Elín Dröfn Valsdóttir
Eva Hrönn Jónsdóttir
Herdís Þórisdóttir

Stjórnin



Á döfinni:

- Aðalfundur 26. apríl, kl. 20.30
- Guðsþjónusta 29. maí, kl. 14.00
- Íslenskuskólinn, sjá forsiðu
- Þjóðhátíðarskemmtun, 11. júní
- Heilsunámskeið, Sólveig Eiríksdóttir, reynum aftur í haust, sjá bls. 2

Þjóðhátíðarskemmtun FÍL verður á Camping í Godbrange.

Merkið 11. júní 2005 inn á dagatalið.



Tilboð til Íslendinga og félaga þeirra

Leading the way

AVIS



AVIS býður Íslendingum og vinum þeirra sem búsettir eru erlendis frábær kjör á bílaleigubílum hér heima á Íslandi. Komið heim í friið og leigið ykkur bíl sem hentar ykkar þörfum.

Sértilboðin eru birt á www.islandus.net. Innifalið er ótakmarkaður akstur, skattur og kaskótrygging.

Þar sem um sértilboð er að ræða viljum við benda á að nauðsynlegt er að bóka stærri bíla með góðum fyrirvara.

Til þess að skoða bílaflokka okkar er hægt að fara inn á www.avis.is

Hafið samband við sölufólk okkar í síma 591-4000 eða á avis@avis.is ef það eru einhverjar spurningar.

Njótið þess að vera í frii hér heima á ykkar eigin forsendum.

Með kveðju,
Starfsfólk **AVIS**

Spuni

Spuna-kaffi í deigluinni eða var það í beyglunni?

Allavega, Spuna-kaffi fyrsta þriðjudag í mánuði, hittumst þriðjudaginn, 3. maí kl. 10.00 og þriðjudaginn 7. júní kl. 10.00.


Nú ætlum við að hittast á nýjum stað. Nýtt kaffihús á Limpertsberg sem heitir Coshoola expresso bar, 9 Allée Scheffer. Hægt er að leggja bílunum á stóra bílastæðinu, þar sem Tívoliið er staðsett þegar það er opið.

Boðið er upp á morgunverð ásamt hefðbundnum matseðli.

Endilega að mæta, gamlir sem nýjir, ungir sem aldnir.

Sjáumst á Coshoola expresso bar.

Stjórn Spuna



Budget á Íslandi

Budget bílaleigan vill bjóða Íslendingum í Luxembourg góðan samning á bílaleigubílum eða 50% afslátt af standard verðum á öllum bífflokkum.

Dæmi um verð með afslætti fyrir Júlí/Ágúst:

Bífflokkur A (VW Polo eða svipað) á 5850 kr. á dag.

Bífflokkur G (Suzuki Grand Vitara eða svipað) á 11750 kr. á dag.

Innifalið í verðum er ótakmarkaður akstur, kaskótrygging og vsk..

Sannleikskorn úr hvunn dagslífinu hér í Luxembourg!

Eins og margir vita er ég í kirkjukórnum hér í Luxembourg. Ég æfi oft sálmana heima á meðan ég elda kvöldmatinn.

En ég tók eftir því að Gylfi fer alltaf út í garð, þegar ég byrja að æfa. Svo ég spurði hann um daginn dálítið sár. "Hvað er að þér, Gylfi, af hverju ferðu alltaf út í garð, finnst þér ég syngja svona illa?"

"Elsku Magga mín," svaraði Gylfi. "Þú syngur dásamlega, en ég vil bara vera viss um að nágrannarnir haldi ekki að ég sé að berja þig."

Mjó.

Frá ritstýrum

Nú eru vorverkin farin að segja til sín, sólin skín og vetrardofinn farinn af öllu og öllum. Yndislegur árstími að renna upp þegar allir vilja fara út og njóta veðurblíðunnar.

Heimilishornið er öllum opið sem hafa áhuga á að koma uppskriftum á framfæri.

Kærar þakkir til þeirra sem senda inn efni í blaðið.

Þeir sem þurfa að kaupa og selja varning endilega notið blaðið til að koma þeim á framfæri.

Vinsamlegast látið vita ef þið viljið breytingar á móttöku blaðsins.


Ritstýrir

Námskeiðum aflýst - því miður

Því miður þurfti að aflýsa námskeiðum Sólveigar Eiríksdóttur (Grænn kostur) sem búið var að auglýsa. Ástæðan var, ekki næg þátttaka, en stjórnin mun væntanlega reyna að nýju næsta haust.

Þökkum kærlega þeim sem bókuðu sig, leiðinlegt að geta ekki orðið við óskum ykkar en við vonum að sem flestir sjái sér fært að koma á námskeiðin í haust ef af verður. Munum reyna sama fyrirkomulag þ.e. byrjenda-, framhalds- og karlanámskeið.

Stjórnin





Heimilishornið

Risahörpuskel með karabísku salsáivafi

Fyrir 4 - 6
150 gr. smjör
24-36 stk. risahörpuskel

Karabísk ávaxtasalsa
3 dl saxað mangó
2 dl saxað avokado
2 dl saxaður rauðlaukur
2 dl saxað papaya
4 msk sítrónusafi
4 msk saxað ferskt koriander

Blandið salsað og kælið í klukkustund. Steikið risahörpuskelina á pönnu við meðalhita í ca. 5 mín.. Setjið risahörpuskelina á disk eða í skál með karabíska ávaxtasalsanu.

Ráðagóða-hornið

Losaðu þig við gulu röndina

Ef einhver hefur verið að velta fyrir sér hvernig hægt sé að ná í burtu gulu röndinni sem vill svo þrálátlega festast í klósettinu, þá er ekki vitlaust að fjárfesta í Coca-Cola.

Ekki gefa krökkunum Coke-ið, hellið því heldur í klósettið þegar þau eru farin að sofa og alls ekki sturta því niður. Nei, nei láta bara sæta drykkinn liggja í settinu yfir nóttina, vakna á undan öllum öðrum, strjúka settið með klósettburstanum og svo að sturta niður.

Allt er hreint og fint þegar fjölskyldu-meðlimirnir koma sér framúr.

Nýtt Kaffihús



Coshoola espresso bar

Glacis Business Center
9 Allée Scheffer
L-2520 Luxembourg

www.coshoola.com

Opið mán - fös 07:00-19:00
Lau 09:00-18:00

Í sumar verður svo opið til 23:00.

Bréf frá félagsmanni

Kæru landar.

Mig langar að segja ykkur frá atviki sem kom fyrir okkur Gylfa, fyrir svona hér um bil ári síðan. Þetta á erindi til þeirra sem búa erlendis. Við þurfum jú stundum á bílaleigubíl að halda á Íslandi, búandi á erlendri grund.

Í júní í fyrra tókum við Gylfi bílaleigubíl hjá Hertz í eina viku á Íslandi.. Við fengum bifreiðina á ágætis kjörum. Skrifuðum undir samning og gengum frá öllu, að við héldum. Bíllinn notuðum við lítið. Við skiluðum bílnum síðan í Keflavík eins og um var samið. Mættum löngu fyrir kl. 6 að morgni (vorum reyndar látin borga fyrir þann dag líka). Við vorum einu viðskiptavinirnir á staðnum. Það voru a.m.k. 4 aðilar í afgreiðslunni þennan morgunn og voru þau öll mjög upptekin í tölvunum. Okkur syndist þau vera í tölvuleik. Einn þeirra leit þó upp til að taka við lyklnum að bílnum og sagði okkur að allt væri í lagi, þau myndu ganga frá restinni. Bíllinn stóð fyrir utan. Við afhentum lyklna og héldum af landi brott, ánægð með viðskiptin.

Nokkrum dögum seinna kemur svo Visa reikningurinn. Þar var reikningurinn sem við sömduðum um og svo önnur upphæð upp á 37.665,70. Helmingur sjálfsábyrgðar, trúlega. Ég hringdi í bílaleiguna og sagði að það hefði auðsjáanlega átt sér stað misskilningur, við vorum rukkuð tvisvar fyrir sama bíllinn. Stúlkan sem svaraði fór að athuga þetta og var lengi. Þegar hún loksins kom aftur sagði hún að þetta væri reikningur fyrir tjóni sem við hefðum valdið á bílnum. Ég kom alveg af fjöllum og sagði eins og var að þetta gæti ekki verið, því bíllinn var óskemmdur þegar við skiluðum honum. Gylfi hafði gengið í kringum hann og skoðað og ekkert séð athugasvert. Jú,

jú það voru komnar myndir af rispunum. Stúlkan gat ekki séð bíllinn, því hann var í Keflavík. Hún lofaði að hafa samband þegar bíllinn kæmi til Reykjavíkur. Nú leið og beið og enginn hafði samband.

En ungur lögfræðingur í fjölskyldunni okkar fékk áhuga á að reyna við málið. Hún hringdi í bílaleiguna og rakti málið og fékk að tala við yfirmann viðhaldsdeildarinnar. Nú voru símtöl fram og til baka. Fyrst gat hann ekki sagt hvenær þetta átti sér stað og hvar rispunar væru á bílnum. (Rukkunin var samt komin á Visa reikninginn tveimur dögum eftir að við skiluðum bílnum og þá þessi nákvæma upphæð). En jæja, að lokum sendi hann myndir. Voru þetta nærmyndir af rispum á gráum bíl. Svipaður litur og á bifreiðinni sem við leigðum. Engin númer sáust á rispamyndunum. Þetta gat verið hvaða bíll sem var. Upphófust nú samræður, sem enduðu með því að viðhaldsmaðurinn spurði, "hvað með að borga helminginn?" Ekki var það tekið í mál. "Hvað vilja þau þá borga?" spurði hann þá. "Ekkert" var svarið.

Þetta var orðin spennusaga og var ég að hugsa um að senda Arnaldi Indriðasyni e-mailin og gefa honum hugmynd að nýrri sögu og kannski hafa lík í skottinu á bílnum til að krydda þetta aðeins.

Á endanum samþykkti "viðhaldsmaðurinn" að borga okkur til baka, "því hann hafði annað að gera en að standa í svona vitleysu" og bað hann fyrir þau skilaboð til okkar, að við skyldum snúa okkur að annarri bílaleigu næst, því það væri hvort sem er ekkert að fá út úr okkur. Átti hann trúlega við að við vorum á flugfélagsafsætti.

Í framhaldi af þessu, fréttum við svo af bílnum, vegna þess að fjölskyldumeðlimur vann á

leigunni í Reykjavík (gott að eiga stóra fjölskyldu). Bíllinn kom til Reykjavíkur nokkrum vikum seinna, en hafði verið í leigu allan tímann. ENGIN RISPA og var okkur tjáð af starfsmanni að ef að rispur koma á bílana þá er bara bónað yfir þær. En á þessum bíl var engin rispa, því það var sérstaklega athugað af spæjara fjölskyldunnar. Einnig gerðist það á sama tíma og við stóðum í þessu stappi, að í Morgunblaðinu var viðtal við fólk frá Sviss. Það hafði lent í svipuðu atviki hjá sömu bílaleigu og meira að segja svipuð upphæð. Þau áttu að hafa skemmt undirvagninn. Þau hættu ekki fyrr en þau fengu endurgreitt og gáfu peningana í góðgerðarstarfsemi á Íslandi, til að leggja áherslu á að það var ekki vegna peninganna sem þau fóru í þetta mál! Þau vissu að þau voru beitt órétti og vildu koma því á framfæri.

Ég vil ekki koma óorði á bílaleiguna. Kannski er bara eitt "skemmt epli" hjá fyrirtækinu. Ég vil bara benda fólk á, að vera vel á verði þegar það skilar bifreið og fara fram á að starfsmaður hjá fyrirtækinu komi með manni út og líti á bíllinn og samþykki að allt sé í lagi. Jafnvel þó að maður þurfi að trufla fólk frá tölvu(leikjum). Oft hefur fólk ekki tækifæri til að garfa í svona málum, þegar það býr erlendis. Borgar bara og bölvár í hljóði. Auðvitað borgar maður tjón sem maður veldur, það er allt önnur saga. Það væri annars fróðlegt að vita hvort svona gerist oft. Þetta er ekki góð auglýsing fyrir íslenska þjónustu, ef erlendir ferðamenn lenda í þessu því svona spyrst fljótt út.

Kæru landar, ég óska ykkur gleðilegs sumars og farið varlega í umferðinni. Allur er varinn góður!

Magga Rósa.



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
Guðbjörg Steinarrsdóttir
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2004-2005

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, fil@islandus.net
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritari, 365 163, 091 637 888, fil.ritari@islandus.net
Díana Kristjánsdóttir, gjaldkeri, 2636 2419, 091 552 137, fil.gjaldkeri@islandus.net
Erna Elvarsdóttir, meðstjórnandi, 2674 5578, 021 306 871, erna@islandus.net
Þóra Karlsdóttir, meðstjórnandi, 2694 5105, 021 501 117, thora@islandus.net
Jóhann Örn Arnarson, varamaður, 341 882, 021 266 747, joi@islandus.net

Stjórn Kirkjunefndar 2004-2005

www.islandus.net/fil/kirkjunefnd.htm
Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann, 358 556
Sólveig Stefánsdóttir, 789 341
Agnar Sigurvinsson, 435 183
Sigurður Kristinsson, 787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir, formaður, 341 882, spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir, ritari, 357 064, stella26@pt.lu
Katrín Ásgrímsdóttir, gjaldkeri, 2678 0257, spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elísabet Sigurðardóttir
Herdís Þórisdóttir

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl.
Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer
LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Au-pair

17 ára stúlka frá Akranesi óskar eftir starfi við barnapössun í Luxembourg í sumar (frá miðjum maí til 20. ágúst). Bílpróf, Rauða Kross-námskeið, reyklus, er að læra ensku og frönsku og kann smá þýsku. Áhugasamir hafi samband í síma +354 433 8973, +354 865 8774 eða sendi e-mail á hunlitlaeg@hotmail.com

Au-pair

Pólsk stúlka óskar eftir Au-pair starfi í Luxembourg. Hún er 26 ára gömul og með góða reynslu af börnum. Hún vann síðast sem Au-pair í Sviss. Tungumál, smá enska og þýska. Upplýsingar hjá Berglindi Guðjónsdóttur, e-mail berglingudjondottir@yahoo.com eða í síma +49 176 2230 5320 og +49 651 145 6597

Fæðingar

Herdís Matthíasdóttir og Aðalsteinn Maack eignuðust dótturina Aðalbjörgu Emmu Maack þann 30. mars s.l.. Hún var 3920 gr. og 53 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Rannveig Br. Sigurvinsson (Agnarsdóttir) og Phillippe Ezard eignuðust soninn Simon Jean þann 8. mars s.l.. Hann var 3020 gr. og 50 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Ragnhildur Edda Eyjólfsdóttir og Hafþór Þórarinnson eignuðust soninn Finn Sebastian þann 21. apríl s.l.. Hann var 3750 gr og 52,5 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Símaskrá

Breytingar

Aðalsteinn Maack
Herdís Matthíasdóttir
Gsm A: +49 176 2238 3349
Gsm H: +49 176 2412 6189

Björn Sverrisson
sbsverrisson@comcast.net

Kolbrún Eir Óskarsdóttir
kolbrei@hotmail.com

Þórður Sæmundsson
Drífa Sigurbjarnardóttir
Sími: 2635 2212

Bílahornið

Bílar framtíðarinnar ættu að geta metið aðstæður og jafnvel gripið inn í, geri ökumaður mistök. Bílaframleiðendur víðs vegar um heiminn eru að prófa sig áfram með slíka tækni, til dæmis, sjálfstýringu sem leggur í stæði. Tölvutæknin gerir það mögulegt að billinn meti sjálfur líkurnar á árekstri og fari í "öryggisstillingar," loki sólarlúgu, strekki á öryggisbeltum og auki bremsuviðbrögð. Einnig er hægt að nota radar og litlar myndavélar til að afla upplýsinga og vara ökumanninn við, ef hann er til dæmis kominn of langt út í kant.

Margir telja að um neikvæða þróun sé að ræða, allir aukahlutir auki líkurnar á bilunum og að ökumenn ráði ekki lengur ferðinni. Bílaframleiðendur neita því hins vegar og segja aðalatriðið vera að tryggja öryggi.